

## Tillögur

lagðar fyrir aukafund stofnenda Arnardrangs hses. hinn xx.xx.xxxx.

**1. Lagðar eru til eftirfarandi breytingar á samþykktum fyrir Arnardrang hses, sem samþykktar voru á stofnfundi 13. apríl 2022.**

a) Ákvæði 2. gr. samþykktanna orðist svo:

Heimilisfang og varnarþing Arnardrangs hses er að Austurvegi 2, 800 Selfoss.

b) Fyrirsögn 8. gr. samþykktanna breytist svofellt:

### **Fulltrúaráðsfundir**

c) Ákvæði 1. mgr. 8. gr. samþykktanna orðist svo:

Stjórn Arnardrangs hses boðar fulltrúaráðsfundi og ákveður stað og tíma. Stjórninni er skylt að boða til fulltrúaráðsfundar ef 2/3 hluti fulltrúaráðsmanna fer fram á það. Einfaldur meirihluti atkvæða gildir á fulltrúaráðsfundi, ef samþykktir kveða ekki á um annað.

d) Ákvæði 1. mgr. 17. gr. samþykktanna orðist svo:

Til breytinga á samþykktum Arnardrangs hses þarf samþykki minnst 2/3 hluta greiddra atkvæða á fulltrúaráðsfundi og að fengnu samþykki stofnenda. Samþykki allra stofnenda þarf til að auka við skuldbindingar félagsins.

e) Ákvæði 2. mgr. 18. gr. samþykktanna breytist svo:

2. málsliður 2. mgr. fellur út.

**2. Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. ákvæðis samþykktá til bráðabirgða kýs aukafundur stofnenda hér með Arnardrangi hses nýja stjórn:**

Eftirfarandi eru kjörnir í stjórn Arnardrangs hses:

Aðalstjórn: xxx, xxx, xxx

Til vara: xxx, xxx, xxx

Þannig samþykkt á fundi stofnaðila.